

Að tryggja sínum fyrirtækjum fjárhagslegan ávinning

Eftir Valdimar Inga Gunnarsson

Ákveðnir hagsmunaaðilar komu að undirbúningi og gerð laga um fiskeldi með það að markmiði að tryggja sínum fyrirtækjum fjárhagslegan ávinning. Málið snýst ekki um að nýta sér tækifærin, heldur að vera leiðandi við hönnun á leikreglum, skjalfest í lögum, sjálfum sér og sínum fyrirtækjum til fjárhagslegs ávinnings á kostnað annarra.

Fulltrúar í stefnumótunarhópi

Forráðamenn laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila hafa farið offari í að „helga sér svæði“. Arnarlax með um 70.000 tonn í ferli og Fiskeldi Austfjarða um 55.000 tonn eða um 70% eldissvæða um mitt ár 2016. Fjárhagslegir hagsmunir voru því miklir og stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða komu sér í starfshóp fyrir stefnumótun í fiskeldi sem fulltrúar Landsambands fiskeldisstöðva.

Ferlið

Í upphafi skal endinn skoða, sem eflaust hefur verið gert af stjórn-



Valdimar Ingi Gunnarsson

arformönnum Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða:

● Markvisst var sótt um eldissvæði í flestum fjörðum þar sem ekki var bannað að vera með laxeldi í sjókvíum til að tryggja sig til lengri tíma þar sem bestu svæðin eru takmörkuð og eftirsótt. Þannig er verið að koma sér í ákveðna stöðu með möguleika á fjárhagslegum

ávinningi.

● Útbúin viðskiptaáætlun. Eldissvæði og framleiðsluheimildir eru verðmæti og erlendir aðilar fengnir að borðinu með fjármagn.

● Stjórnarformenn tveggja stærstu laxeldisfyrirtækjanna létu skipa sig í starfshóp um stefnumótun í fiskeldi sem fulltrúa Landsambands fiskeldisstöðva og komust þannig í yfirburðastöðu til að vinna að hagsmunagæslu sinna fyrirtækja á kostnað annarra. Fyrirtæki stjórnarformanna voru búin að koma leyfisveitingarkerfinu í uppnám og nú var verkefnið að tryggja áfram þeirra stöðu og væntingar um fjárhagslegan ávinning.

● Ráðinn var starfsmaður fyrir stefnumótunarhópinum með aðstöðu í

» Drifkrafturinn við uppbyggingu eldis laxfiska í sjókvíum á Íslandi hefur verið fjárhagslegur ávinningur laxeldisfyrirtækja sem nú eru í meirihlutaeigu erlendra aðila.

ráðuneyti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem jafnframt var starfsmaður stjórnarformanns Arnarlax.

● Gefin var út stefnumótunarskýrsla með hagstæðum tillögum fyrir stjórnarformennina, með væntingum um fjárhagslegan ávinning.

● Ráðuneyti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skrifaði tillögur stefnumótunarskýrslunnar inn í fiskeldisfrumvarpið og augljóslega var verið að huga að sérhagsmunum þeirra sem sömdu leikreglunnar.

● Alþingi Íslands tók á ýmsum málum og bætti frumvarpið verulega, stoppaði af ýmis áform og dró þannig úr væntanlegum fjárhagslegum ávinningi stjórnarformannanna.

● Þegar breytingar á lögum um fiskeldi voru samþykktar á síðasta ári voru þó margar tillögur í stefnumótunarskýrslunni sem komust í gegn og geta tryggt stjórnarformönnum fjárhagslegan ávinning.

● Í framhaldinu setti Arnarlax sem er í meirihlutaeigu erlendra aðila hlutabréf á erlendan hlutabréfamárkad og hefur þegar náðst verulegur fjárhagslegur ávinningur.

Drifkrafturinn

Drifkrafturinn við uppbyggingu eldis laxfiska í sjókvíum á Íslandi hefur verið fjárhagslegur ávinningur laxeldisfyrirtækja sem nú eru í meirihlutaeigu erlendra aðila. Frumkvöðlar sjá tækifæri í að koma áformunum af stað, tryggja leyfi og möguleika að selja síðan sinn hlut, áður en raunverulega reynir á rekstrarforsendurnar. Jafnframt hefur verið ódýrara og auðveldara að fá leyfi á Íslandi en t.d. í Noregi sem hefur verið drifkraftur erlendra aðila að koma að uppbyggingunni.

Ekki allt sem sýnist

Staðreyndin er sú að umhverfisáðstæður til sjókvíaeldis á Íslandi eru lakari og samkeppnishæfni minni en í tilfelli nágrannalanda sem skapar vissa óvissu um framtíð-

ina, sem tekið verður fyrir seinna. Lítil samfélög geta því verið að taka mikla áhættu og því skynsamlegt að fara hægt í uppbyggingu og aðlaga eldið að erfiðum umhverfisáðstæðum á Íslandi. Markaðsverð á laxfiskum hefur verið í hæstu hæðum undanfarin ár vegna takmarkaðs framboðs sem m.a. má rekja til vandamála við að hemja laxalúsina. Þegar samkeppnislönd verða búin að ná tökum á laxalúsinni, eykst aftur framboð og verð lækkar og keppt verður á grunni framleiðslu- og flutningskostnaðar.

Slæm vinnubrögð

Hlutverk ráðuneytis sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í þessu máli er árnælisvert, að leggja fram á þingi fyrst árið 2018 og aftur 2019 vanhugsað og ónothæft frumvarp, þar sem verið er að verja hagsmuni laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila á kostnað annarra. Mál þetta lýktar að sérhagsmunagæslu, slæmu síðferði eða spillingu og því ekki að ástæðulausu að farið hefur verið fram á opinbera úttekt, sem fram á þessu hefur verið hunsað.

Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og hefur m.a. unnið við ýmis mál tengd fiskeldi í rúm þrjátíu ár. valdimar@sjavarutvegur.is